


Eyjafjarðarsveit

Aðalskipulag 2025-2037

Forsendur – umhverfisskýrsla

Maí 2026



Efnisyfirlit

Forsendur - umhverfisskýrsla	2
1 Skipulagssvæðið	2
2 Samfélag.....	3
3.1 Lýðfræði.....	3
2.1.1 Þróun byggðar	3
2.1.2 Dreifbýli og þéttbýli.....	5
2.1.3 Ríkisfang	6
2.1.4 Aldurs- og kynjaskipting	7
2.1.5 Fjölskyldusamsetning	9
2.2 Atvinnulíf og þjónusta	9
2.3 Vatnshlot	10
2.4 Jarðfræði	14
2.5 Lífríki	15
2.5.1 Gróðurfar.....	15
2.5.2 Dýralíf	17
2.6 Veðurfar	18
2.7 Flóð	20
2.7.1 Snjóflóð:	20
2.7.2 Skriður og grjóthlaup:.....	21
2.8 Jarðskjálftar	22
3 Umhverfisskýrsla.....	23
3.1 Viðfangsefni umhverfismats	23
Umhverfispættir og viðmið	24
Vægi umhverfisáhrifa.....	26
3.2 Mat á umhverfisáhrifum	26
3.2.1 Efnistökusvæði í Eyjafjarðarsveit og framtíðarnýting þeirra	26
3.2.2 Skógrækt innan landbúnaðarsvæða	28


3.2.3	Breytingar á heimildum til uppbyggingar íbúðar- og frístundahúsa á landbúnaðarsvæðum	29
3.3	Samanlögð áhrif og niðurstaða	31
3.4	Vöktunaráætlun	33

Forsendur - umhverfisskýrsla

Í forsendukafla fyrir Aðalskipulag Eyjafjarðarsveit 2025-2037 eru birt gögn um þróun byggðar, íbúasamsetningu, atvinnulíf og umhverfisþætti. Þessi gögn eru notuð til grundvallar við mótun þeirrar stefnu sem birt er í endurskoðuðu aðalskipulagi. Á eftir forsendukafla er birt umhverfisskýrsla þar sem lagt er mat á áhrif þeirrar stefnu sem sveitarstjórn birtir í aðalskipulagi sveitarfélagsins út frá tilteknum umhverfisviðmiðum.

1 Skipulagssvæðið

Frá botni Eyjafjarðar gengur Eyjafjarðardalur suðurs, u.þ.b. 60 km og frá honum ganga margir inndalir. Há fjöll veita gott skjól fyrir veðrum og á sumrin er oft góðviðrasamt og víða snjólétt á vetrum, sérstaklega vestanvert í dalnum. Heildarlengd Eyjafjarðarsveitar frá norðri til suðurs er um 100 km og breiðast er það um 33 km. Sveitarfélagið nær yfir um 1.775 km².



Mynd 1 Afmörkun sveitarfélagsins Eyjafjarðarsveit á loftmynd

Norðurmörk sveitarfélagsins að vestan ná að bæjarlandi Akureyrar, um landamerki jarðanna Hvamms og Litla-Hvamms. Mörkin eru síðan í stefnu á tind Ytri-Súlu þegar kemur á Súlumýrarnar. Upp af Skjöldal, við Kambskarð, liggja mörkin fyrst suður á vatnaskilum við Hörgárbyggð og síðan fylgja mörkin til suðurs á sýslumörkum Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslu á Nýjabæjarfjalli við sveitarfélagamörk Skagafjarðar. Á þessum slóðum voru mörkin nokkuð óviss þar til sættir tókust í kringum árið 1990. Austurmörk sveitarfélagsins eru sýslumörk sem liggja á hæstu fjöllum að Þingeyjarsveit. Norðurmörk sveitarfélagsins að austan eru við Svalbarðsstrandarhrepp. Suðurmörk eru við Ásahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

Nyrsti hluti Eyjafjarðarsveitar að austan heitir Kaupangssveit en á milli þveránna er Staðarbyggð. Flatlendi er mikið meðfram Eyjafjarðará að austan frá árósum fram að bænum Stóra-Hamri. Meginhluti þessa svæðis er mýrlendi. Í brekkunum austan ár er þétt byggð íbúðar- og frístundahúsa. Að norðaustan er einn byggðardalur, Garðsárdalur.

Í nyrsta hluta Eyjafjarðarsveitar að vestan er undirlendi fremur lítið þar sem Eyjafjarðará afmarkar svæðið þröngt, en verður mun meira er innar dregur, s.s. í mynni þverdalanna; Skjöldals og Djúpadals.

Eyjafjarðará ásamt þverám hefur myndað sléttuna inn frá Eyjafjarðarpolli og allt að Melgerðismelum. Þetta hefur gerst á 10 til 12 þúsund árum. Þannig hefur vöxturinn orðið um það bil 1 km á hverjum 500 árum. Mestur vöxtur er talinn hafa verið fyrst eftir lok ísaldar. Eftir að landnám hófst virðist framburður hafa aukist við eyðingu skógar og meðfylgjandi uppblásturs og aurburðar en hægst hefur á framburði.

Fjallahringurinn sem markar Eyjafjarðarsveit er hár og tignarlegur, nyrstar að vestanverðu eru Súlur, innar koma Stóri-Krummi, Bóndi og Þríklakkar. Sunnan Þríklakka rís Kerling, 1.538 metra há, hæsta fjall í Eyjafirði. Flest eru fjöllin klettótt og skriðurunnin. Gróðurlendi er talsvert neðan til í fjöllum en rennur út þegar ofar dregur.

Eyjafjarðará, sem er dragá, er vatnsmest áa í Eyjafirði og mjög áberandi í landslagi Eyjafjarðarsveitar. Nokkrir smájökklar veita vatni í hana, t.d. inni í Kvarnárdal, þar sem eru jökulfannir austan í Kerlingu. Suðaustan í Kerlingu er jökull sem veitir vatni í Lambá vestur yfir.

Meginupptök Eyjafjarðarár eru í Eyjafjarðardal. Vatnsmestu þverárnar sem í hana falla eru Núpá úr Sölvadal, Djúpadalsá, Skjöldalsá og Þverá efri og Þverá neðri.


2 Samfélag

3.1 Lýðfræði

2.1.1 Þróun byggðar

Frá síðustu aldamótum hefur íbúafjöldi Eyjafjarðarsveitar verið fremur stöðugur og haldist um og yfir 1.000 manns. Árið 2019 byrjaði að fjölga jafnt og þétt í sveitarfélaginu og í ársbyrjun 2025 voru íbúar orðnir 1.184 í Eyjafjarðarsveit. Á sl. 10 árum hefur átt sér stað um 16,4% fjölgun í


Eyjafjarðarsveit og síðustu 3 árum hefur fjölgað um 7,5%. Á sama tíma hefur á landsvísu fjölgað um 20% á síðustu 10 árum og um 7% á síðustu 3 árum.



Mynd 2 Þróun íbúafjölda í Eyjafjarðarsveit 1998 - 2025

Í Húsnæðisáætlun Eyjafjarðarsveitar 2025-2034 gerir miðspá ráð fyrir um 35% fjölgun á tímabilinu og tekur þannig mið af meðaltali undanfarinna þriggja ár. Lágspá gerir ráð fyrir 5% fjölgun sem er sú fjölgun sem hefur átt sér stað í sveitarfélaginu sl. 10 ár og háspá gerir ráð fyrir um 49% fjölgun vegna stóraukins framboðs á húsnæði miðað við undanfarin ár. Gera má ráð fyrir að íbúafjölgun verði fyrst og fremst á skilgreindum íbúðarsvæðum og þá sérstaklega í þéttbýliskjarnanum Hrafnagilshverfi. Framreiknaður íbúafjöldi sveitarfélagsins, miðað út frá miðspá húsnæðisáætlunarinnar, yrði 1.472 árið 2034.


Í húsnæðisáætluninni er talið að til að bregðast við fjölgun íbúa næstu ára er þörf á að auka framboð íbúðarhúsnæðis í Hrafnagilshverfi og að hafa þar fjölbreytt framboð íbúðargerða, sér í lagi fyrir ungt fjölskyldufólk og eldri borgara. Gera má ráð fyrir að þörf sé á allt að 50 íbúðum í Hrafnagilshverfi en skilgreind íbúðarsvæði gera ráð fyrir umtalsvert stærri íbúðarsvæðum en þörf er á til að hafa svigrúm til uppbyggingar, þar sem óljóst er hvaða svæði í þéttbýlinu verða eftirsóknarverðust til uppbyggingar.



Mynd 3 Spár um mannfjöldapróun og íbúðapörf í Eyjafjarðarsveit 2025-2034

2.1.2 Dreifbýli og þéttbýli

Eini skilgreindi þéttbýlis- og þjónustukjarni sveitarfélagsins er í Hrafnagilshverfi en þess utan eru skipulögð svæði fyrir íbúðarbyggð að mestu á afmörkuðum svæðum nyrst í sveitarfélaginu í Vaðlaheiði og í Kristnesi. Afmörkun þéttbýliskjarnans í Hrafnagilshverfi er umhverfis núverandi og fyrirhugaða byggð, sjá nánar á aðalskipulagsupprætti fyrir byggð og byggðarkjarna. Stærð þéttbýliskjarnans er um 90 ha. Í takt við það sem hefur sést almennt á Íslandi undanfarna áratugi hefur íbúafjöldun verið í þéttbýliskjörnum í sveitarfélaginu og þá sér í lagi í Hrafnagilshverfi. Frá árinu 2017 hefur íbúum þar fjölgað um tæplega 150 manns. Árið 2025 voru íbúar Hrafnagilshverfis 378 eða um 33% íbúa sveitarfélagsins. H – h




Mynd 4 Þróun íbúafjölda í Hrafnagilshverfi

2.1.3 Ríkisfang

Á tímabilinu 1998-2025 hefur íbúum af erlendum uppruna í Eyjafjarðarsveit fjölgað lítillega samkvæmt tölum Hagstofunnar:

- 2005: 2,4% íbúar af erlendum uppruna
- 2015: 2,7% íbúar af erlendum uppruna
- 2025: 5,4% íbúar af erlendum uppruna




Mynd 5 Ríkisfang íbúa 1998-2025

Fjöldi erlendra íbúa í Eyjafjarðarsveit hefur verið sveiflukenndur síðustu áratugi en hefur jafnan verið á bilinu 1–5,5% af heildaríbúafjölda. Síðustu tíu ár hefur þó verið greinileg aukning í fjölda erlendra íbúa, í takt við þróunina á landsvísu en árið 2025 voru erlendir íbúar 19% af heildaríbúafjölda landsins.



Mynd 6 Fjöldi íbúa með erlent ríkisfang 1998-2025


Íbúar Eyjafjarðarsveitar af erlendum uppruna koma víðs vegar að úr heiminum en einna helst frá Evrópu. Árið 2025 komu flestir frá Þýskalandi eða um 16% og því næst frá Póllandi eða um 13%.



Mynd 7 Hlutfall erlendra ríkisborgara eftir uppruna 2025

2.1.4 Aldurs- og kynjaskipting


Sé litið til þróunar íbúafjölda eftir kyni síðasta áratuginn má sjá að hlutföll kynjanna hafa haldist einkar jöfn. Árið 2015, voru karlar um 50,5% íbúa og konur 49,5%. Árið 2025 var kynjahlutfallið enn jafnara, með 50,3% karla og 49,7% konur. Enginn í sveitarfélaginu hefur verið skráður sem annað kyn á þessu tímabili.



Mynd 8 Skipting íbúa eftir kyni milli ára


Sé litið til aldursdreifingar íbúa Eyjafjarðarsveitar árið 2025 og hún borin saman við árið 2015 má sjá að fjölgun á sér stað í eldri aldurshópum en einhver fjölgun átti sér einnig stað meðal yngri aldurshópa.

Fjöldi íbúa eftir aldri og kyni 2015 og 2025



Mynd 9 Dreifing íbúa eftir kyni og aldri milli áranna 2014 og 2024


Sé mismunur milli árganga 2015 og 2025 settur fram í súluriti, sést greinilega hvernig íbúafjöldi hefur aukist í flestum aldurshópum. Fækkun er þó í þremur aldurshópum, 10-19 ára, 40-49 ára og 80-89 ára. Markverðast er fækkunin í 10-19 ára en þar fækkar um 19 einstaklinga á milli 2015 og 2025. Fjölgun í eldri aldurshópum er í takt við þróunina á landsvísi vegna öldrunar þjóðar. Jafnframt má sjá verulega fjölgun í aldurshópnum 20-29 ára, 30-39 ára og 0-9 ára, sem gæti bent til þess að ungar fjölskyldur séu í auknum mæli að velja sér búsetu í sveitarfélaginu. Samanteknar tölur má sjá í súluriti á mynd hér að neðan.



Mynd 10 Samanburður á fjölda í aldursflokki milli áranna 2015 og 2025

2.1.5 Fjölskyldusamsetning

Á tíu ára tímabili, frá 2015 til 2025, hafa orðið breytingar á fjölskyldumynstri í sveitarfélaginu. Myndin hér að neðan dregur saman gögn um fjölskyldusamsetningu í Eyjafjarðarsveit á þessum árum.



Mynd 11 Samanburður á fjölskyldusamsetningu milli áranna 2015 og 2025

Helstu breytingarnar eru þær að hlutfallslega mesta fækkunin hefur orðið meðal einstæðra foreldra. Aftur á móti er fjölgunin mest hjá fjölskylduforminu hjónabönd með börn. Að auki hefur fjölgað í hópi einstaklinga sem búa einir eða í hjónabandi án barna. Þessar breytingar endurspeglar mögulega samfélagsbreytingar, svo sem aukna fjölbreytni í sambúðarformum, breytta aldursdreifingu íbúa og að ungar fjölskyldur séu í auknum mæli að setjast að í sveitarfélaginu.

2.2 Atvinnulíf og þjónusta

Eyjafjarðarsveit er fyrst og fremst landbúnaðarhérað með langa hefð fyrir búskap og er landbúnaður mikilvægasta atvinnugrein sveitarfélagsins. Þá er mjólkurframleiðsla sérstaklega mikil og öflug í sveitinni, þó mjólkurframleiðendum hafi fækkað á síðustu árum hafa búin um leið stækkað. Sauðfjárbúskapur hefur dregist saman, en landbúnaður er áfram lykilstoð atvinnulífsins, þar sem stór hluti annarra atvinnugreina í sveitarfélaginu byggist á honum og tengdri þjónustu.

Auk landbúnaðar eru störf við opinbera þjónustu í Eyjafjarðarsveit eru nokkuð mörg og þá sér í lagi í Hrafnagilshverfi þar sem opinber þjónusta sveitarfélagsins er staðsett, þ.e. skóli, leikskóli, íþróttahús, sundlaug og skrifstofa sveitarfélagsins. Stærstu vinnustaðir sveitarfélagsins eru Kristnesspítali, Hrafnagilsskóli og Skógarböðin, en auk þess er nokkur fjöldi lítilla fyrirtækja í eigu einstaklinga og félaga sem styrkja einnig atvinnulífið í sveitarfélaginu.

Undanfarin ár hefur ferðaþjónusta fengið aukið vægi af atvinnuframboði í sveitarfélaginu. Árið 2025 voru skráð gistipláss í sveitarfélaginu 196 og mun aukast með opnun hótels við Skógarböðin auk uppbyggingar á skilgreindum verslunar- og þjónustusvæðum í sveitarfélaginu.

Tafla 1 Útgefin gistirekstrarleyfi í Eyjafjarðarsveit

Staður	Nafn gististaðar	Hámarksfjöldi gesta
Brúnalaug	Brúnalaug Guesthouse	7
Kotra 11	Kotra 11	8
Jódísarstaðir lóð 4	Great View Guesthouse	9
Kotra 17	Kotra 17	10
Hrísaskógar lóð 4	Hrísaskógar 4	5
Vogar 8	Málstaður ehf.	8
Brúnagerði 2 og 4	Heiðin	16
Brúnalaug	Countryside apartment Brúnalaug	3
Ásar	Ásar Guesthouse	6
Stekkjarlækur	Hafðals gistiheimili	16
Þrastalundur 0	Íslandsbærinn	8
Syðra-Laugaland efra	Silva Holiday Homes	12
Syðra-Varðgjá	Sveitin	10
Vökuland III	Sólsteinn	10
Leifshús	Leifshús	20
Öngulsstöðum 3	Lamb Inn	48
	<i>Samtals</i>	196

Eyjafjarðarsveit býr að stóru vinnusóknarsvæði með nálægð við Akureyri, sem treystir atvinnuöryggi íbúa og minnkar líkur á höggum sem minni sveitarfélög hafa orðið fyrir með lokun stórra vinnustaða. Margir íbúar sveitarfélagsins sækja vinnu til Akureyrar einnig er töluverð vinnusókn í gagnstæða átt. Landbúnaðarafurðir framleiddar í Eyjafjarðarsveit skapa umtalsverða atvinnu á Akureyri og fleiri stöðum þar sem þjónusta er við landbúnað.

Markmið sveitarfélagsins er að styrkja meginstoðir atvinnulífsins og efla þá geira sem þegar eru sterkir, svo sem opinbera þjónusta, landbúnað, ferðaþjónusta og matvælaframleiðsla. Jafnframt er stefnt að aukinni fjölbreytni með því að bjóða upp á lóðir fyrir ýmsa aðra atvinnustarfsemi, sem getur skapað ný tækifæri fyrir íbúa styrkt rekstrargrundvöll sveitarfélagsins.

2.3 Vatnshlot

Lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála er ætlað að vernda vatnsauðlindina til framtíðar. Í þeim er kveðið á um gerð vatnaáætlunar og hefur fyrsta útgáfa hennar gildistíma 2022-2027. Í áætluninni eru skilgreind vatnshlot, sem eru númeraðar stjórnsýslueiningar. Áætlunin gerir ráð fyrir öflun upplýsinga um ástand vatns í hverju vatnshloti og vöktun. Skyld er að laga skipulagsáætlanir að þeirri stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Tvö vatnshlot eru í Eyjafirði sem liggja að ströndum Svalbarðsstrandarhrepps: 102-1321-C liggur frá Garðsvík og suður að Leiruvegi. Vatnshlot 102-1365-C liggur þvert yfir Eyjafjörð frá Garðsvík og til norðurs út Eyjafjörð.

Í Vaðlaheiði eru vatnshlotin 102-277-G, Eyjafjörður sem inniheldur vatnsflokkinn grunnvatn og nær yfir grunnvatn sem streymir í Eyjafjörð frá láglendari svæðum fjarðarins. Vatnshlot 101-276-G, Mið-Norðurland nær frá efstu hlíðum Vaðlaheiðar yfir hálendi Mið-Norðurlands.

Tafla 2 Skráð vatnshlot í Eyjafjarðarsveit

Vatnshlotanúmer	Heiti	Vatnsflokkur	Ástand
102-93-T	Eyjafjarðarleirur	Árósavatn	Vistfræðilegt ástand: Óflokkað Umhverfismarkmið fyrir vatnshlotið er skilgreint mjög gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand Markmið ekki í hættu
101-276-G	Mið-Norðurland	Grunnvatn	Umhverfismarkmið fyrir vatnshlotið er skilgreint gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand Áhætta óskilgreind
102-277-G	Eyjafjörður	Grunnvatn	Umhverfismarkmið fyrir vatnshlotið er skilgreint gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand Áhætta óskilgreind
102-1649-R	Eyjafjarðará 1	Straumvatn	Vistfræðilegt ástand: Mjög gott <i>Byggt á líkindum</i> Umhverfismarkmið fyrir vatnshlotið er skilgreint mjög gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand Markmið ekki í hættu
102-1645-R	Þverá 1	Straumvatn	Vistfræðilegt ástand: Mjög gott <i>Byggt á líkindum</i> Umhverfismarkmið fyrir vatnshlotið er skilgreint mjög gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand Markmið ekki í hættu
102-1789-R	Þverá 2	Straumvatn	Vistfræðilegt ástand: Mjög gott <i>Byggt á líkindum</i>

			Umhverfismarkmið fyrir vatnshlotið er skilgreint mjög gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand Markmið ekki í hættu
102-1622-R	Munkaþverá	Straumvatn	Vistfræðilegt ástand: Mjög gott <i>Byggt á líkindum</i> Umhverfismarkmið fyrir vatnshlotið er skilgreint mjög gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand Markmið ekki í hættu
102-1613-R	Finnastaðaá 1	Straumvatn	Vistfræðilegt ástand: Mjög gott <i>Byggt á líkindum</i> Umhverfismarkmið fyrir vatnshlotið er skilgreint mjög gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand Markmið ekki í hættu
102-1611-R	Skjöldalsá 1	Straumvatn	Vistfræðilegt ástand: Mjög gott <i>Byggt á líkindum</i> Umhverfismarkmið fyrir vatnshlotið er skilgreint mjög gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand Markmið ekki í hættu
102-1503-R	Djúpadalsá 1	Straumvatn	Vistfræðilegt ástand: Mjög gott <i>Byggt á líkindum</i> Umhverfismarkmið fyrir vatnshlotið er skilgreint mjög gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand Markmið ekki í hættu
102-1596-R	Núpá	Straumvatn	Vistfræðilegt ástand: Mjög gott <i>Byggt á líkindum</i> Umhverfismarkmið fyrir vatnshlotið er skilgreint mjög gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand

			Markmið ekki í hættu
102-1566-R	Gilsá	Straumvatn	Vistfræðilegt ástand: Mjög gott <i>Byggt á líkindum</i> Umhverfismarkmið fyrir vatnshlotið er skilgreint mjög gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand Markmið ekki í hættu
102-1608-R	Eyjafjarðará 2	Straumvatn	Vistfræðilegt ástand: Mjög gott <i>Byggt á líkindum</i> Umhverfismarkmið fyrir vatnshlotið er skilgreint mjög gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand Markmið ekki í hættu
102-1545-R	Torfufellsá/Svartá	Straumvatn	Vistfræðilegt ástand: Mjög gott <i>Byggt á líkindum</i> Umhverfismarkmið fyrir vatnshlotið er skilgreint mjög gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand Markmið ekki í hættu
102-1547-R	Eyjafjarðará 3	Straumvatn	Vistfræðilegt ástand: Mjög gott <i>Byggt á líkindum</i> Umhverfismarkmið fyrir vatnshlotið er skilgreint mjög gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand Markmið ekki í hættu
Önnur vatnshlot utan byggðar	Ótilgreind	Straumvatn	Vistfræðilegt ástand: Mjög gott <i>Byggt á líkindum</i> Umhverfismarkmið fyrir vatnshlotið er skilgreint mjög gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand Markmið ekki í hættu

Skv. vatnaáætlun er álag vegna dreifðrar mengunar meira á ákveðnum landsvæðum þar sem hefðbundinn landbúnaður er í hvað mestum þéttleika næst vatnsföllum, s.s. í Eyjafirði. Engin vatnshlot eru þó skilgreind í hættu um að ná skilgreindum umhverfismarkmiðum.

Grunnvatn og yfirborðsvatn, þar á meðal sjór við strendur, skal flokkað eftir forsendum 9. og 10. greinar reglugerðar um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 í eftirtalda flokka:

Flokkur A: Ósnortið vatn

Flokkur B: Lítið snortið vatn

Flokkur C: Nokkuð snortið vatn

Flokkur D: Verulega snortið vatn

Flokkur E: Ófullnægjandi vatn

Sjór við botn Eyjafjarðar, Pollurinn, er talinn viðkvæmur viðtaki miðað við skilgreiningu reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Árósar Eyjafjarðarár flokkast í Flokk C, *nokkuð snortið vatn*, sbr. skilgreiningu í 9. og 10. greina reglugerðar um varnir gegn mengun vatns. Önnur vatnsföll eru ekki skilgreind.

2.4 Jarðfræði

Eyjafjarðarsvæðið er allt á svokölluðu vestara blágrýtissvæði, en það nær frá Bárðardal og til suðvesturs um landið að Reykjanesskaga. Þetta svæði er hlaðið upp af hraunlögum sem runnið hafa á tertíertíma, fyrir 3 til 15 milljónum ára.

Stefnu hraunlaganna er hægt að sjá á berggöngum sem eru algengir í basaltstaflanum og þverskera hraunlögin. Á Eyjafjarðarsvæðinu stefna gangarnir yfirleitt í N-S, eða NNA-SSV.

Megineldstöðvarnar hafa verið á nokkrum stöðum, þ.e. stór eldfjöll eða öskjur. Vitað er um nokkrar slíkar eldstöðvar á þessu svæði t.a.m. Torfufell sem hófst að hlaðast upp fyrir um 7,8 – 8,0 milljónum ára og stóð yfir í um 400.000 ár.

Elstu berglögin á Eyjafjarðarsvæðinu eru utan til við fjörðinn. Þegar innar dregur bætast stöðugt yngri berglög ofan á. Þegar eldvirkni á Mið-Norðurlandi lauk fyrir um 3 milljónum ára var svæðið í stórum dráttum bunguvaxin háslétta, 1.000-1.500 m há og hæst nálægt miðju, þar sem nú er fjallið Kerling. Á sléttunni hafa þó verið lægðir og daladrög, jafnvel firðir og dalir næst ströndinni. Flatar fjallabrúnir á innanverðu svæðinu eru enn til vitnis um þessa hásléttu.

Landmótun svæðisins er nú í stórum dráttum eins og jöklar síðasta ísaldarskeiðs skildu við það. Þeir hafa skilið eftir mikið magn af jökulruðningi sem þekur berggrunninn á stórum svæðum, þetta er sá jarðvegsgrunnur sem hefur langmest flatarmál. Framburður jökulvatna hefur einnig haft áhrif á jarðvegsgrunninn. Jökulvötn hafa t.d. myndað malarhjalla, sem víða má sjá í fjallahlíðum og láglendi. Þegar jökullinn hopaði inn dalinn í lok ísaldar fylgdi sjórinn í kjölfar hans þegar landið lá mun lægra þar en það er nú og eru Melgerðismelar dæmi um malarhjalla sem hafa myndast vegna hárrar

sjávarstöðu í lok síðasta jökulskeiðs. Eyjafjarðará og þverár hennar hafa borið fram mikið magn af möl og sandi og skapað óshólma, eyrar og grunn langt út í fjörðinn.

Berghlaup og smájökla hafa markað skapað ásýnd Eyjafjarðar með berghlaup eins og finna má í Leyningshólum, Hólahólar og Möðrufellshraun. Það sem veldur þessum hlaupum virðist vera einhvers konar spenna í jarðlögum, en ýmislegt er þó ókannað um orsakir berghlaupa. Þau skera sig yfirleitt nokkuð vel úr í landslaginu, hólótt og stórgrýtt.

Dalbotnajökla eru einnig mjög algengir á Eyjafjarðarsvæðinu og eru talsvert misstórir á hverjum tíma, allt eftir hitastigi og úrkomu. Talið er að þeir hafi verið einna stærstir, á síðari öldum, í kringum 1800. Jökulruðningsgarðar eru til merkis um það.

Jarðvegsmyndun hefur síðan átt sér stað á löngum tíma eftir að jökultíma lauk. Jarðvegslagið þekur nú mestan hluta láglendis á svæðinu, ásamt þeirri gróðurþekju sem fylgir, en hún leggur að hluta til þau jarðefni sem safnast hafa. Jarðvegur er í daglegu tali kallaður mold, og er þar um að ræða fíngerð bergefni sem borist hafa með árrennsli og áfoki á jarðvegsgrunninn. Þetta ásamt lífrænum leifum gróðurs og dýralífs myndar jarðveginn.

Jarðvegur í Eyjafjarðarsveit er yfirleitt nokkuð vel fallinn til ræktunar og frjósamur sem fyrr segir, enda eru hinar frjósömu jarðvegsgerðir í miklum meirihluta, þ.e. hlíða- og mýrajarðvegur.

Uppblásturshætta er mjög lítil í sveitarfélaginu nema þá helst innst í sveitinni, sem stafar af jarðvegsrofi af völdum beitar, vatns og vinda á löngu tímaskeiði. Efnisinnihald jarðvegsins er töluvert mismunandi á svæðinu eftir jarðvegsflokkum og milli útsveitar og innsveitar.

2.5 Lífríki

2.5.1 Gróðurfar

Sá gróður á láglendi sem í upphafi búsetu í Eyjafjarðarsveit hefur verið mest áberandi er birkiskógur eða kjarr. Leifar þessa gróðurs sjást víða, sérstaklega á afskekktum stöðum. Undirgróður skóganna hefur víðast verið gras og mosi, víða með blómgróðri inn á milli, en minjar um lyng hafa einkum fundist í útsveitum. Líklega hafa skógarmörk víða verið í um 300-350 m.y.s., þessu hefur þó verið nokkuð misjafnlega farið. Lyng, víðir og fjalldrapi hefur verið ríkjandi gróður upp í 7-800 m.y.s. Auk skóganna voru lyngmóar og graslendi ríkjandi á láglendi.

Umtalsverð breyting hefur átt sér stað með þúsund ára búsetu á svæðinu og almennt má segja að gróðri hafi fremur farið aftur. Að töluverðu leyti liggja fyrir eðlilegar skýringar á þessari þróun, þar eð Ísland er harðbýlt land og allt var notað sem gat veitt björg í bú. Stundum hafa menn þó farið offari gagnvart gróðri og lífríkinu öllu. Ekki er gert ráð fyrir að fyrirhugaðar framkvæmdir valdi raski á sjaldgæfum gróðurfélögum eða plöntum sem hafa verndargildi.

Úr greinargerð Harðar Kristinssonar grasafræðings sem fjallar um villtan gróður í Eyjafjarðarsveit, samin vegna vinnu við Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 1994-2014:

„Flatlendið meðfram Eyjafjarðará og ósum hennar er ríkt af votlendis- og vatnagróðri. Gulstararflóar eru víða ríkjandi þar sem lægra er og blautara með horblöðku, engjarós og fergini, en gulvíðir og geithvönn eru víða með bökkum. Í síkjum og skurðum vaxa síkjamari, fergin, fjallnykra, grasnykra, smánykra og brúsakollur, og í leirefju í gömlum farvegum er sums staðar efjugras og vatnsnæli. Af sjaldgæfum tegundum má nefna þrenningarmöðru (botngróður með gulstör neðan við Eyrarland) og mýraberjalyng á Staðarbyggðarmýrum. Norðan til við Óshólmana eru víðlend svæði með sjávarfitjagróðri, sem einkennast m.a. af marstör, flæðastör, skriðstör, lágarfa, skeljamuru, strandlófót, strandsauðlauk, hnotsörvi og engjavendi. Svæði þetta er að hálfu í umdæmi Akureyrar. Hvergi annars staðar við Eyjafjörð er jafnvíðlendur sjávarfitjagróður. Helstu svæði önnur eru á Gáseyri við Hörgárósa, og við Fnjóskárósa hjá Laufási og í Höfðahverfi.

Á láglandinu frá hólmunum og upp í 150-250 m.y.s. hefur gróðurinn orðið fyrir sterkum áhrifum af víðáttumikilli ræktun. Áburðaráhrif frá túnnum hafa víða mikil áhrif á villtan gróður og túnjaðra. Snarrótarpuntur og háliðagras hafa víða orðið ríkjandi í túnjöðrum og drögum, og innfluttir slæðingar eins og akurarfi, skógarkerfill, spánarkerfill, njóli og húsapuntur eru víða áberandi. Síðustu árin hefur sandfax bæst í hóp þessara slæðinga og er nú orðið útbreitt meðfram vegum.

Af villtum gróðri má segja að svæðið einkennist af ýmsum hitakærum tegundum, sem hafa meginútbreiðslu á Suður- og Vesturlandi. Þar má nefna blákollu og mjaðjurt, sem eru útbreiddar um utanverða sveitina, einnig eru víða jarðarber í frjósömum brekkum móti suðri, en grájurt, sandmunablóm, vorperla og þrenningarfjóla í þurrari melbrekkum. Skriðuhnoðri og klappadúnjurt koma fyrir á stöku stað.

Mariúlykill hefur hvergi fundist á landinu nema við botn Eyjafjarðar frá Veigastöðum suður að Kaupangi, um hólmasvæðið og út fyrir Hörgá að vestan. Að undanskildu svæðinu vestan Eyjafjarðar frá Gásam og út undir Hjalteyri, er aðalútbreiðslusvæði hans í landinu í utanverðri Eyjafjarðarsveit. Víða hefur honum verið útrýmt vegna þéttrar byggðar og túnræktar. Helstu svæðin sem eru eftir, eru Leifsstaða- og Eyrarlandsbrúnir, svo og dálítill blettur í Vaðlaheiði skammt ofan Leifsstaða. Hluti þessa svæðis er nýttur undir sumarbústaði. Vottur er einnig af honum í landi Hvamms að vestan. Í landi Akureyrar er mariúlykill víðast útdauður, nema í Kjarnaskógi þar sem hann finnst á örfáum stöðum, og lítilsháttar í Stórhólma. Full ástæða er til að fylgjast með þeim stöðum sem eftir eru, og stuðla að því að mariúlyklinum verði ekki útrýmt.

Ein friðuð plöntutegund vex í Eyjafjarðarsveit, en það er eggtvíblaðka. Af henni eru til fáeinar plöntur í fjórum giljum á svæðinu frá Varðgjá að Kúalæk: Þetta er í Húsagili, Stekkjarlækjargili, Stóragili og Kúalækjargili. Nokkrar líkur má telja á, að þessar plöntur dafni og þeim fjölgi fremur á þessum stöðum við friðun og skógrækt.

Svonefndar útsveitarplöntur við Eyjafjörð vantar flestar í Eyjafjarðarsveit, eða eru þar mjög sjaldséðar. Sem dæmi má nefna skjaldburkna ofan við Kristnes í Garðsárdal, litunarjafna í Súlumýrum, ígulstör við Vaðlareit og Fífilgerði, og brönugrös í Stóragili, Þverárgili og Munkaþverárgili. Brönugrösin munu þó hafa horfið úr Þverárgili við vegagerð að nýrri brú fyrir fáum árum. Af öðrum sjaldséðum plöntum í héraðinu má nefna kjarrhveiti í Leyningshólum, tjarnalauk í

Hólavatni, hvítstör á einum stað í Vaðlaheiði og á Þveráreyrum, og flóastör í Uppsalamýrum og í Leyningi.

Háfjallagróður er fjölbreyttur í vesturfjöllunum, einkum hryggnum frá Súlum að Kerlingu, en einnig sunnar allt suður í Torfufell. Á því svæði vaxa m.a. melasól, fjallavorblóm, finnugsstör, snækobbi, snænarfagras og jöklaklukka. Melasól er einnig í Staðarbyggðarfjalli, og finnugsstör á toppi Vaðlaheiðar. Algengar í öllum hærri fjöllum eru jöklasóley, dvergsóley, lotsveifgras og fjallhæra.“

Flóra Eyjafjarðar er allvel þekkt, enda er gróðurrannsóknarhefð gömul við Eyjafjörð allt frá tíma þeirra Stefáns Stefánssonar skólameistara og Ólafs Davíðssonar og til vorra daga. Talið er að um 350 tegundir blómplantna og byrkninga vaxi villtar á svæðinu, af mosum eru þekktar um 270 tegundir og álíka margar tegundir af sveppum. Allmargar grastegundir finnast á svæðinu, bæði villtar og ræktaðar. Um 186 tegundir háplantna finnast á Óshólmavæðinu. Alls eru taldar um 460 tegundir háplantna á Íslandi.

Dæmi um gamlar skógarleifar í Eyjafjarðarsveit er að finna í landi Leynings og Villingadals. Í sveitarfélaginu eru nokkur skógræktarsvæði og eru þau helstu eftirfarandi: Vaðlareitur og framhald hans, Garðsárreitur, reitur í landi Dvergsstaða, Grundarreitur, skógarreitur í landi Botns og Kristnesreitur. Skógræktarfélag Eyfirðinga hefur tekið jörðina Háls og hluta af jörðinni Saurbæ í Eyjafjarðarsveit á leigu og hefur úthlutað leigulóðum til skógræktar. Svæðið hefur verið skipulagt. Á síðustu árum hefur verið unnið að töluverðri gróðursetningu á Melgerðismelum og víðar á svæðinu.

2.5.2 Dýralíf

Landdýralíf á Eyjafjarðarsvæðinu er í meðallagi fjölbreytilegt miðað við landið allt. Heimildir um aðra flokka en spendýr, fugla og skordýr eru fremur litlar. Á Íslandi er tegundafjöldi orma í jarðvegi fremur fábreytilegur og hér finnast aðeins ellefu tegundir ánamaðka. Köngulóategundir eru tæplega eitt hundrað hér á landi og flestar eru litlar.

Helstu landspendýr (villt) þ.e. hagamýs, refur, minkur og kanínur hafa verið að taka sér bólfestu í auknum mæli. Hagamýs eru töluvert algengar víða á svæðinu, refur er í vexti og minkur er á undanhaldi þar sem verulegur árangur hefur náðst við eyðingu hans.

Alls verpa um 80 tegundir fugla á Íslandi. Auðugasta fuglalífið í Eyjafjarðarsveit er á Óshólmavæði Eyjafjarðarár en á svæðinu verpa 27 til 33 tegundir fugla. Ýmsir mó- og mýrarfuglar eru algengir, einnig skógarþrestir og auðnutittlingar. Hrafnar eru algengir en fátt er af smyrli og fálkum. Eitthvað er um branduglu. Talsvert er af matfugli, þ.e. rjúpu og gæs sem veiddar eru á vissum árstímum. Varp við Óshólmana og næst ánum getur spillst í miklum mæli þegar stór flóð leysast úr læðingi.


Upp í Eyjafjarðará gengur talsvert magn af bleikju, en mun minna af laxi. Af öðrum stöðum þar sem bleikja veiðist má nefna Þverá efri og neðri, Núpá í Sölvadal ásamt Hólavatni. Víða í lækjum er að finna smásilung og hornsíli, en þau finnast einnig víða í tjörnum.

2.6 Veðurfar


Í Eyjafirði er skýr munur á árstíðum. Vetur geta orðið snjóþungir og sumardagar verða hlýir á íslenskan mælikvarða í sunnanþey. Norðanátt að sumri er svöl. Hafgolu gætir víðast hvar í Eyjafirði á sólríkum sumardögum og hafáttir því tíðar og lagaðar að landslagi, sbr. vindrósir fyrir Akureyri og Torfur sem spanna tímabilið júní til ágúst. Úrkoma í Eyjafirði er breytileg eftir afstöðu til fjalla og hæð yfir sjó.

Vindur blæs yfirleitt inn og út eftir Eyjafirði og eru því algengustu vindáttirnar í Eyjafjarðarsveit norðlægar eða suðlægar, þ.e. lagaðar að landslagi. Til dæmis er suðvestan átt tíð á Torfum, en á Akureyri er áttin suðsuðaustlæg, sbr. vindrósir fyrir Akureyri og Torfur sem taka til ársins í heild. Fremur fátítt er að vindáttir séu þvert á Eyjafjörð og Eyjafjarðardal. Hvöss austanátt mælist þó stundum á Akureyri og á Torfum er hvassviðri algengast úr suðvestri, sbr. vindrósir fyrir Akureyri og Torfur þegar vindhraði er yfir 15 m/s. Suðlægir vindar eru hlýir og þurrir eftir að landið sunnanvert og miðhálandið hafa losað þá við úrkomu. Á hinn bóginn eru norðanvindar kaldir og úrkomusamir, jafnt að sumri sem vetri.


Í greinargerð aðalskipulagsins frá 2005 er ítarleg umfjöllun um veðurlag á svæðinu. Veðurfarsþættir gefa ekki tilefni til sérstakra ákvæða í aðalskipulagi sveitarfélagsins.




Veðurstofa Íslands 04. Jul 2018




Veðurstofa Íslands 04. Jul 2018




Veðurstofa Íslands 04. Jul 2018



Veðurstofa Íslands 04. Jul 2018



Veðurstofa Íslands 04. Jul 2018



Veðurstofa Íslands 04. Jul 2018

Mynd 12 Vindrósir fyrir Torfur og Krossanesbraut á Akureyri). Veðurstofa Íslands.

2.7 Flóð

Flóðslétta Eyjafjarðarár nær með litlum halla allt að 17 km inn í Eyjafjarðarsveit frá óshólmum árinna inn að Grund. Flóðahætta er á allri þessari sléttu en ofar tekur við eldri framburðarslétta, Melgerðismelar. Þar ofan við hafa einnig orðið flóð í Eyjafjarðará. Í ritinu *Flóð á vatnasviðum Eyjafjarðarár, Héraðsvatna, Hvítár í Borgarfirði, Lagarfljóts og Skjálfandafljóts* eru tilgreindir 29 þekktir flóðaatburðir á vatnasviði Eyjafjarðarár. Langflest flóðin urðu vegna leysinga, oftast í júní, og tvö flóðaatvik eru tengd ísstíflum. Ísstíflustaðir eru skilgreindir, í Eyjafjarðará norðan við Leyningshóla og norðan við Hrafnagilshverfi. Þrír flóðaatburðir eru tengdir jarðvegsskriðum. Afleiðingar flóða hafa aðallega verið tjón á samgöngukerfinu og veitumannvirkjum. Hvorki er vitað um mannskaða af völdum þeirra né um tjón á búfénaði.

Ofanflóð eru nokkuð algeng á tilteknum svæðum í Eyjafjarðarsveit og er þá sérstaklega um að ræða jarðvegsskriður.

Ofanflóð eru flokkuð í snjóflóð, skriður og svonefnd berg- og framhlaup, en þau verða þegar stórar spildur eða stykki úr fjallahlíðum hlaupa fram. Í annálum er getið snjóflóða sem valdið hafa tjóni á mönnum, mannvirkjum og búfénaði, en þau eru þó ekki mjög algeng í Eyjafjarðarsveit.

Eins og kemur fram í umfjöllun um jarðfræði svæðisins hafa berghlaupin flest fallið skömmu eftir ísöld og ekki er vitað með vissu um að berghlaup hafi fallið við Eyjafjörð eftir landnám, þannig að þau skapa ekki beina hættu.

Ítarlega er fjallað um skriður og snjóflóð í Eyjafjarðarsveit frá landnámi í greinargerð aðalskipulags sveitarfélagsins frá 2005. Skráning yfir flóð og framhlaup í fyrra aðalskipulagi nær aðeins til ársins 2001 en auk þess er fjallað um stakan atburð árið 2006. Upptalning þessi er hér að neðan:

2.7.1 Snjóflóð:

1. Þrjúgsá, líka nefnd Strjúgsá, varð fyrir snjóflóði árið 1682, gripahús og tún skemmdust.
2. Snjóflóð tók mikið af túni í landi Kambfells árið 1721.
3. Kona fórst í snjóflóði í Bíldsárskarði í Kaupangssveit árið 1783.
4. Piltur fórst í snjóflóði í Miklagarði árið 1850.
5. Á Þröm í Garðsárdal fórst maður í snjóflóði árið 1862.
6. Á Ánastöðum í Sölvadal féll snjóflóð, tjón varð á búsmala og túnum árið 1871.
7. Gripir töpuðust í snjóflóðum á Draflastöðum í Sölvadal árið 1877.
8. Snjóflóð varð árið 1878 að Hólum í fyrrum Saurbæjarhreppi, maður bjargast úr flóðinu.
9. Maður fórst í snjóflóði í Skjöldal árið 1913.
10. Páskahlaup árið 1919 urðu víða á Eyjafjarðarsvæðinu, þau urðu einkum í fyrrum Saurbæjarhreppi og Öxnadal. Gripahús og skepnur töpuðust.
11. Snjóflóð í vestanverðri Vaðlaheiði olli skemmdum á símalínum o.fl. árið 1930.
12. Árið 1953 féllu snjóflóð víða inni í Eyjafirði án þess að alvarlegt tjón hlytist af.
13. Mikið tjón varð á raflínum víða á Eyjafjarðarsvæðinu árið 1991.

2.7.2 Skriður og grjóthlaup:

1. Annálar greina frá skriðum um 1580 í Eyjafirði, jarðanna er þó ekki getið.
2. Tvær konur og þrjú börn létust í skriðu á jörðinni Björk í Sölvadal árið 1689. Miklar skemmdir urðu víðar í dalnum, t.d. á Finnastöðum og Kerhóli.
3. Hólastekk, eyðihjáleigu frá Hólum, tók af í skriðu um 1698.
4. Hleiðargarðskot tók af í grjóti og leir sem varð laust í miklum leysingum árið 1705. Í Hlíðarhaga eyðilagðist mikill hluti túns í skriðu þetta sama ár.
5. Skriða hljóp á Þrjúgsá í Djúpadal, nú Strjúgsá, árið 1759. Þar fórst bóndi.
6. Margar skriður féllu í Eyjafjarðarsveit árið 1795. Sú stærsta féll á Guðrúnarstöðum.
7. Fimm jarðir í Eyjafjarðarsveit urðu fyrir skemmdum árið 1805, þeirra er eigi getið í heimildum.
8. Guðrúnarstaði tók af og tvær aðrar jarðir þar árið 1811.
9. Árið 1853 féll skriða utan við Guðrúnarstaði og niður í Eyjafjarðará.
10. Skriða féll á Brekku í Kaupangssveit árið 1858 og skemmdi tún og engi.
11. Jarðföll urðu í stórrigningum í Öxnafellskoti og Björk í Sölvadal, einnig á Þrjúgsá (Strjúgsá) í Djúpadal árið 1866.
12. Skriðuföll urðu inni í Eyjafjarðarsveit árið 1877.
13. Í rigningar- og leysingaveðri árið 1925, sem olli skriðum, urðu skemmdir allvíða í Eyjafjarðarsveit.
14. Skemmdir urðu árið 1926 á Helgastöðum og einnig í Sölvadal.
15. Skriða féll á bæinn Jökul árið 1933, þetta gerðist eftir mikla og staðbundna rigningu.
16. Miklar skriður hlupu árið 1935 víða í Eyjafirði.
17. Mikil skriða féll árið 1938 sunnan Hleiðargarðs, lokaði vegi og féll niður í Eyjafjarðará.
18. Í miklum vatnavöxtum féllu skriður hjá Leyningi árið 1939.
19. Árið 1946 urðu skemmdir af völdum skriðufalla á jörðunum Tjörnum, Halldórsstöðum og Vatnsenda.
20. Mikil skriða féll rétt við bæjarhúsin á Draflastöðum í Sölvadal árið 1949. Þá féllu einnig skriður við Hleiðargarð.
21. Við Ártún féll skriða árið 1956.
22. Skriða féll árið 1964 við Stekkjarflatir.
23. Skriða féll árið 1972 við Grænuhlíð.
24. Jarðvegsfylla hljóp úr bröttum bakka skammt norðan við bæinn Hvamm árið 1978, hitaveituæð HA skekkist.
25. Skriða féll árið 1988 á Garðsárdal og olli miklum gróðurskemmdum.
26. Aurskriða féll árið 1989 í mynni Sölvadals og samkvæmt skýrslu sem Halldór G. Pétursson jarðfræðingur hefur tekið saman (1990) hafa aurskriður fallið fjórum sinnum á öldinni í Sölvadal. Nú er dalurinn að mestu kominn í eyði.
27. Skammt norðan Eyvindarstaða í Sölvadal féll skriða árið 1990.
28. Skriður féllu í Eyjafjarðardal og ollu gróðurskemmdum árið 1991.
29. Skriður féllu úr Kaupangssveitarfjalli árið 1994. Þessar skriður ollu skemmdum á túnum og girðingum.


30. Við vorleysingar féllu skriður víða um Eyjafjörð árið 1995. Mest voru þó skriðuföllin í Sölvadal. Seinna um sumarið féll risastór skriða úr fjallinu sunnan og ofan við bæinn Þormóðsstaði í Sölvadal.
31. Í miklum umbreytingum í veðri hinn 20. desember 2006 varð verulegt tjón á Djúpadalsvirkjun þegar efri stíflan í virkjuninni brast eftir mikið úrhelli. Það leiddi til þess að flóðbylgja æddi niður ána og rauf Eyjafjarðarveg vestri meðal annars með þeim afleiðingum að bíll hafnaði ofan í ánni. Manni sem var í bílnum var bjargað úr honum og varð ekki meint af. Stöðvarhúsið skemmdist allmikið. Sama dag féllu tvær aurskriður við Grænuhlíð, sú fyrri á íbúðarhús og gripahúsin. Fimmtán kálfar drápust í skriðunni. Fólkið komst í öruggt skjól. Ekki varð verulegt tjón í seinni skriðunni. Um svipað leyti féll að minnsta kosti hundrað metra breið skriða á þjóðveginn við Kolgrímustaði og þurfti að loka vegum á svæðinu um stund. Margar minni skriður sem ekki ollu tjóni féllu víðar í innanverðri sveitinni á næstu tveimur sólarhringum.
32. Mikil aurskriða féll inni á Torfufellsdal 14. október 2011 og náði þvert yfir dalinn.

Nauðsynlegt er að kanna frekar einstök svæði, þar sem vitað er að flóð hafa fallið, vegna fyrirhugaðra framkvæmda og er þeirri vinnu vísað í vinnu við deiliskipulag svæðanna. Sjá nánar í kafla um svæði undir náttúruvá í stefnumörkun aðalskipulags.

2.8 Jarðskjálftar

Landinu hefur verið skipt niður í sex hönnunarhröðunarsvæði, sbr. kort Björns Inga Sveinssonar og Páls Halldórssonar 2009. Kortið sýnir lárétta hönnunarhröðun miðað við 10% líkur á 50 ára tímabili. Jarðskjálftahönnun mannvirkja á Íslandi skal uppfylla kröfur byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og vera í samræmi við Eurocode 8 (ÍST EN 1998), ásamt gildandi íslenskum þjóðarviðaukum. Þjóðarviðauki Íslands fyrir Eurocode 8 er hönnunarhröðunarkort, sem sýnt er á mynd 13. Gildi hönnunarhröðunar (í lárétta stefnu fyrir 0.05-0.1 g, m.v. 10% líkur á 50 ára tímabili, eða 475 ára endurkomutíma). Nyrst í sveitinni er gildið 0.1 g, og syðst er það 0.05g.

mannvirkjahönnun í Eyjafjarðarsveit er á bilinu 5-10% af þyngdarhröðun jarðar (í lárétta stefnu



Mynd 13 Skipting Íslands í hönnunarhröðunarsvæði m.v. 475 ára endurkomutíma. Björn Ingi Sveinsson og Páll Halldórsson 2009.

3 Umhverfisskýrsla

Megintilgangur með umhverfisskýrslu aðalskipulagsins er að rökstyðja þá stefnu sveitarstjórnar sem fram kemur í aðalskipulagi. Í umhverfisskýrslu eru metin áhrif af stefnu aðalskipulagsins, til að hægt sé að lágmarka áhrif stefnunnar. Áhrifin geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg eða óviss.

Hér á eftir er greint frá hvernig áhrifaþættir eru hafðir að leiðarljósi og hvaða umhverfisþættir eru skoðaðir í tengslum við matið. Þá er skilgreining á því hvernig vægi áhrifa er metið, lagt mat á einstaka kosti og greint frá niðurstöðum.

3.1 Viðfangsefni umhverfismats

Umhverfisskýrsla er lögð fram með aðalskipulagi í samræmi við ákvæði laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Í umhverfismatsskýrslu er dregin fram heildarsýn umhverfisáhrifa þeirra framkvæmda og áætlana sem gert er ráð fyrir í aðalskipulagi.

Metin eru áhrif á þá þætti sem verða verulega fyrir breytingum frá fyrra skipulagi eða krefjast framkvæmda sem ekki hafa orðið að veruleika.

Eftirfarandi atriði eru metin með tilliti til umhverfisáhrifa:

- Efnistökusvæði í Eyjafjarðarsveit og framtíðarnýting þeirra
- Skógrækt innan landbúnaðarsvæða

- *Breytingar á heimildum til uppbyggingar íbúðar- og frístundahúsa á landbúnaðarsvæðum*

Umhverfispættir og viðmið

Í 4. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana er fjallað um efni umhverfismats, hvaða umhverfispætti skal taka tillit til við mat á umhverfisáhrifum. Áhrif skulu metin á:

- a. íbúa og heilbrigði manna,*
- b. líffræðilega fjölbreytni með sérstakri áherslu á tegundir og búsvæði sem njóta verndar.*
- c. land, landslag, víðerni, jarðmyndanir, jarðveg, vatn, loft og loftslag,*
- d. efnisleg verðmæti og menningarminjar,*
- e. næmi framkvæmdar eða áætlunar fyrir hættu á stórslysum og náttúruhamförum,*
- f. samspil þeirra þátta sem taldir eru upp í a–e-lið.*

Í samræmi við ofangreint og markmið úr stefnum stjórnsvalda eru settir fram umhverfispættir, afmarkaðir í sex meginþætti og fyrirhugaðar breytingar á skipulagi metnar út frá þeim. Eftirfarandi gögn og áætlanir voru hafðar sem viðmið:

Samfélagsþróun, stjórnsýsla og skipulagsmál

- Byggyðaaætlun 2022-2036
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna
- Landsskipulagsstefna 2024 - 2038
- Samgönguáætlun 2020-2034

Sjálfbærni og loftslagsmál

- Parísarsáttmáli Sameinuðu þjóðanna
- Aðgerðaaætlun í loftslagsmálum 2024
- Í ljósi náttúruvár, Stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum 2021

Land og náttúra

- Landslagssamningur Evrópu
- Land og líf. Landgræðsluáætlun og landsáætlun til ársins 2031
- Aðgerðaaætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2026
- Vatnaáætlun 2022-2027

Atvinnulíf og efnahagsmál

- Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2025-2029
- Áfangastaðaaætlun Norðurlands 2024
- Ferðamálafestna og aðgerðir til ársins 2030
- Framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðaþjónustu til 2030

Lög og reglugerðir

- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013
- Lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019
- Vegalög nr. 80/2007
- Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns
- Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns
- Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999

Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða vísir til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem aðalskipulagstillagan hefur í för með sér. Úr viðmiðunum eru afmarkaðir umhverfispættirnir í sex meginþætti og fyrirhugaðar framkvæmdir metnar út frá þeim.

Umhverfispættirnir eru:

- **Landslag**
- **Lýðheilsa**
- **Landkostir**
- **Loftslag**
- **Samfélag**
- **Vistkerfi**

Vægi umhverfisáhrifa

+	Jákvæð áhrif – stefnan styður við eftirfarandi viðmið
0	Hlutlaus/óljós áhrif – stefnan er hlutlaus gagnvart eftirfarandi viðmiði
-	Neikvæð áhrif – stefnan er þvert á eftirfarandi viðmið
	Á ekki við

- **Jákvæð áhrif**, áhrif áætlunar á umhverfispátt bæta hag mikils fjölda fólks og/eða hafa jákvæð áhrif á umfangsmikið svæði. Sú breyting eða ávinningur sem hlýst af framkvæmdinni/áætluninni er oftast varanleg.
- **Óviss áhrif**, ef óvíst er eða háð útfærslu hvort stefnutillaga styður eða vinnur gegn viðkomandi umhverfispætti. Áhrif áætlunar á umhverfispátt/-þætti eru minniháttar, m.t.t. umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf.
- **Neikvæð áhrif**, stefnutillaga vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhversviðmið. Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hve umfangsmikil áhrifin eru og hve margir verða fyrir áhrifum.
- Á ekki við, þegar umhverfispáttur verður ekki fyrir markverðum áhrifum eða er ekki hægt að meta.

3.2 Mat á umhverfisáhrifum

3.2.1 Efnistökusvæði í Eyjafjarðarsveit og framtíðarnýting þeirra

Í kafla 6.8, *Efnistöku- og efnislosunarsvæði*, er gerð grein fyrir endurskoðun landnotkunarflokksins í tengslum við endurskoðun aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar. Helstu breytingar sem gerðar eru á efnistökusvæðum eru eftirfarandi.

Á hluta af áreyrum Eyjafjarðarár, sem liggur neðan Hrafnagilshverfis, er skilgreind sameiginleg efnistaka fyrir sex efnistökusvæði. Sú afmörkun tekur minniháttar breytingum við endurskoðun aðalskipulagsins. Skilyrði er að samhlöð efnistaka úr áreyrum Eyjafjarðarár af þessu svæði nemi að hámarki 50.000 m³ á hverju tveggja ára tímabili. Úr áreyrum Eyjafjarðarár rétt ofan Hrafnagilshverfis er skilgreint efnistökusvæði fyrir 50.000 m³.

Forðast skal að vinna efni úr virkum farvergi árinna og taka fyllsta tillit til mengunarhættu, óheimilt er að geyma eldsneytisbirgðir á vatnsbakka árinna. Ekki er heimilt að vinna efni á hrygningartíma og miðast vinnslutími við 1. okt. til 31. mars og veiðihéi snemma að sumrin.

Bætt er við efnistökusvæði E3 í austari kvísl Eyjafjarðarár með það að markmiði að jafna vatnsbúskap á milli kvísla. Ákvæðinu eru m.a. að vinna má efni úr ánni að vetri til, frá nóvember til loka mars og taka skal tillit til mengunarhættu.

Auk þessa eru skilgreind tvö efnistökusvæði við bakka Eyjafjarðarár á landi Hríshóls. Tilgangur efnistöku á þessum tveimur svæðum er að fjarlægja uppsafnað efni sem veldur tjóni á

landbúnaðarlandi og raskar rennisskilyrðum árinna. Heimilt er að ráðast í bakkavarnir og dýpkun farvegar á svæðunum til að viðhalda eðlilegu rennsli árinna.

Jafnframt bætist efnistökusvæði við skipulagið á landi Hrafnagils til að tryggja nægilegt framboð efnis til framkvæmda innan sveitarfélagsins.

Önnur efnistökusvæði haldast að mestu óbreytt frá gildandi aðalskipulagi.

Áhrif	Umhverfispáttur	Skýring
0	<i>Landslag</i>	Áhrif efnistöku á landslag eru að mestu takmörkuð. Efnistaka í Eyjafjarðará fer fram á áreyrasvæðum þar sem náttúrulegur setflutningur og sífelldar breytingar á farvegi valda því að landslag er kvíkt og síbreytilegt. Efnistaka á Hrafnagili fer fram í landi og hefur, líkt og efnistaka í landi almennt, óafturkræf áhrif á landslag. Vegna staðsetningar svæðisins, takmarkaðs umfangs og skilyrða um frágang að efnistöku lokinni eru áhrifin þó metin óveruleg. Í heild eru áhrif á landslag því metin óveruleg.
0	<i>Lýðheilsa</i>	Efnistaka getur haft tímabundin áhrif á lýðheilsu, einkum vegna hávaða, rykmyndunar og aukinnar umferðar á meðan vinnslu stendur yfir. Fyrirhuguð efnistaka er staðbundin, takmörkuð að umfangi og fer fram utan íbúðarsvæða. Með skilyrðum um framkvæmdartíma, umgengni og frágang er talið að áhrif verði tímabundin og staðbundin. Í ljósi þessa eru áhrif á lýðheilsu metin óveruleg.
+	<i>Landkostir</i>	Þörf á efni er nauðsynleg til framkvæmda og þar sem efnistöku er valinn réttur staður getur hún skapað auðlind úr landi sem áður var ónyttjanlegt. Að efnistöku lokinni má endurheimta land og nýta með öðrum hætti. Áhrif á landkosti eru því metin jákvæð.
0	<i>Loftslag</i>	Efnistaka hefur neikvæð áhrif á gróður og kolefnisbirgðir jarðvegs en með mótvægisaðgerðum má draga úr neikvæðum áhrifum. Með því að afla efnis nálægt framkvæmdastað má draga úr flutningi efnis og þar með lækka kolefnisspor framkvæmda. Áhrif á loftslag eru metin hlutlaus.
+	<i>Samfélag</i>	Aðgengi að byggingarefni innan sveitarfélagsins styður við framkvæmdir, innviðauppbýggingu og atvinnustarfsemi. Áhrif efnistöku á samfélag eru því metin jákvæð.
-	<i>Vistkerfi</i>	Efnistaka hefur óhjákvæmilega neikvæð áhrif á vistkerfi vegna rasks á landi, eyðingar gróðurþekju og truflunar búsvæða. Efnistaka í ám getur jafnframt haft áhrif á lífríki,

						þar á meðal fisk og botndýr, vegna rasks og breytinga á rennslisskilyrðum. Með ákvæðum í skipulaginu um mótvægisáðgerðir, svo sem takmarkað umfang efnistöku, framkvæmd í áföngum og á afmörkuðum tímabilum, auk frágangs að lokinni efnistöku, er talið að áhrif verði staðbundin og að mestu tímabundin. Í heild eru áhrif á vistkerfi metin neikvæð en takmörkuð.
0	0	+	0	+	-	<i>Samantekt</i> Heildaráhrif efnistöku eru metin að mestu óveruleg. Jákvæð áhrif felast í bættum landkostum og samfélagslegum ávinningi, á meðan neikvæð áhrif á vistkerfi eru staðbundin og að mestu tímabundin. Með mótvægisáðgerðum er talið að jafnvægi náist milli nýtingar og verndar.

3.2.2 Skógrækt innan landbúnaðarsvæða

Í kafla 6.5 – *Landbúnaðarsvæði* er komið inn á heimildir um nýtingar lands sem fellur í þann landnotkunarflokk. Með endurskoðuðu aðalskipulagi bætist við nýtt almenn ákvæði sem heimilar nýræktun skóga allt að 10 ha á landbúnaðarsvæðum í flokki L2, án þess að skilgreina þurfi sérstakan landnotkunarreit fyrir skógræktar- og landgræðslusvæði (SL).

Tilgangur ákvæðisins er að setja skýrari ramma um skógrækt á landbúnaðarlandi og einfalda framkvæmd skógræktarverkefna þar sem slíkt samræmist landgæðum og aðstæðum. Með því að takmarka heimildina við landbúnaðarsvæði í flokki L2 er jafnframt tryggt að verðmætt ræktarland í flokki L1 nýtist áfram fyrst og fremst til matvælaframleiðslu og hefðbundins landbúnaðar.

Ákvæðið er ætlað að hafa hvetjandi áhrif á skógrækt í sveitarfélaginu og styðja við fjölþætta landnýtingu þar sem aðstæður leyfa. Skógrækt á þessum svæðum getur stuðlað að auknu skjóli, bættum landgæðum, kolefnisbindingu, útivistarmöguleikum, viðarframleiðslu og öðrum nytjum, að því gefnu að tekið sé tillit til náttúrufars, landslags, fornminja og annarra verndargilda.

Áhrif	Umhverfispáttur	Skýring
0	<i>Landslag</i>	Aukin skógrækt hefur áhrif á landslag eins og við þekkjum það í dag en óvíst hvernig meta skuli áhrif á landslag skv. opinberri stefnumörkun. Sé skógrækt látin falla að landi eru áhrif á landslag óveruleg.
+	<i>Lýðheilsa</i>	Skógar skapa skjól og geta stuðlað að útivist. Áhrif skógræktar á lýðheilsu eru metin jákvæð.
+	<i>Landkostir</i>	Markmið Lands- og skóga er að skógar stuðli að verndun jarðvegs og dragi úr hugsanlegu tjóni vegna náttúruvár. Skógrækt getur dregið úr uppblæstri og verndað svæði

		sem viðkvæm eru fyrir rofi sé henni beitt rétt. Áhrif skógræktar á landkosti eru metin jákvæð.
+	<i>Loftslag</i>	Tré binda kolefni, jafna hitasveiflur og skapa góð vaxtarskilyrði fyrir annan gróður í skógarjaðri með skjólmyndun og auknu næringarframboði með lauffalli. Áhrif skógræktar á loftslag eru metin jákvæð.
+	<i>Samfélag</i>	Nytjar skógræktar geta skapað atvinnu og þannig eftir byggð og styrkt samfélagið með aukinni verðmætasköpun. Áhrif skógræktar á samfélag eru metin jákvæð.
0	<i>Vistkerfi</i>	Skógur hefur fælandi áhrif á ákveðnar tegundir en aðlaðandi á aðrar, sömuleiðis hafa skógar mismikil áhrif á tegundafjölbreytni eftir þéttleika og trjátegundum. Einnig skiptir máli hvernig núllstaða vistkerfisins er þegar skógrækt hefst. Áhrif á vistkerfi eru því metin óviss eða hlutlaus.
0 + + + + 0	<i>Samantekt</i>	Stefna um skógrækt hefur almennt jákvæð áhrif á þá umhverfisþætti sem teknir eru til skoðunar. Óvissa er um áhrif á landslag og vistkerfi.

3.2.3 Breytingar á heimildum til uppbyggingar íbúðar- og frístundahúsa á landbúnaðarsvæðum

Í kafla 6.5, *Landbúnaðarsvæði*, er fjallað um heimildir til uppbyggingar íbúðar- og frístundahúsa á landbúnaðarlandi. Með endurskoðuðu aðalskipulagi er gerð breyting á þeim heimildum sem áður giltu um uppbyggingu íbúðar- og frístundahúsa á bújörðum.

Samkvæmt nýju ákvæði er áfram heimilt að reisa íbúðarhús á landbúnaðarlandi, en heimild til uppbyggingar frístundahúsa á slíkum svæðum fellur niður. Áður var heimilt að byggja bæði íbúðar- og frístundahús, að hámarki þrjú hús á hverri bújörð. Með breytingunni er uppbygging á landbúnaðarlandi skýrar bundin við varanlega búsetu og starfsemi sem tengist búrekstri.

Markmið breytingarinnar er að beina uppbyggingu frístundahúsa markvisst inn á skilgreind frístundabyggðarsvæði, þar sem fyrir liggur skipulagsrammi, innviðir og heildræn stefna um uppbyggingu og umhverfisáhrif. Með þessu er dregið úr dreifðri frístundabyggð á landbúnaðarlandi, sem getur haft neikvæð áhrif á landnýtingu og rekstrarskilyrði landbúnaðar.

Áfram er heimilt að úthluta allt að þremur byggingarlóðum samtals fyrir íbúðarhús á hverri bújörð, að meðtöldum lóðum sem þegar hafa verið samþykktar. Byggingar skulu að jafnaði staðsettar í tengslum við núverandi bæjartorfur og falla að landslagi, byggðarhefðum og starfsemi jarðarinnar. Því er ekki um að ræða dreifingu byggðar um óröskuð svæði heldur betri nýtingu innviða og landsvæða þar sem ásjúnd hefur verið raskað með mannvirkjagerð.

Áhrif	Umhverfisþáttur	Skýring
0	<i>Landslag</i>	Uppbygging íbúðarhúsa á landbúnaðarsvæðum getur haft áhrif á landslag og því er lögð áhersla á að slíkt áhrif verði lágmörkuð. Gert er ráð fyrir að nýbyggingar tengist núverandi bæjartorfunum og innviðum og að uppbygging fari fram í samræmi við ákvæði aðalskipulagsins um gæði byggðar, þar sem kveðið er á um að mannvirki falli að búsetulandslagi svæðisins. Í ljósi þess, og þar sem breytingin felur ekki í sér verulega frávik frá fyrra skipulagi, nema að því leyti að heimildir til uppbyggingar eru takmarkaðar við íbúðarhús en ekki frístundahús, eru áhrif á landslag metin óveruleg.
0	<i>Lýðheilsa</i>	Uppbygging íbúðarhúsa á landbúnaðarsvæðum getur haft áhrif á lýðheilsu, m.a. með aukinni dreifðri búsetu, minna aðgengi að þjónustu og aukinni bílaumferð. Á móti vega þættir sem geta haft jákvæð áhrif á lýðheilsu, svo sem meiri nálægð við náttúru, aukið svigrúm til útivistar og almennt rólegra umhverfi. Þar sem heimildir til uppbyggingar eru takmarkaðar að fjölda, háðar mati í hverju tilviki og dreifast milli lögbýla, er ólíklegt að breytingarnar hafi veruleg áhrif á lýðheilsu. Áhrif á lýðheilsu eru því metin óveruleg.
0	<i>Landkostir</i>	Uppbygging á landbúnaðarsvæðum getur haft áhrif á landkosti með breytingu á landnotkun á afmörkuðum svæðum. Þar sem uppbygging er óheimil á L1 svæðum, sem teljast gæða ræktarland, og leitast er við að nýta núverandi bæjartorfur, innviði og heimreiðir, er dregið úr áhrifum á verðmæta landkosti. Áhrif á landkosti eru því metin óveruleg.
0	<i>Loftslag</i>	Uppbygging íbúðarhúsa hefur í för með sér losun gróðurhúsalofttegunda vegna byggingarframkvæmda og aukinnar umferðar. Þar sem uppbyggingin er takmörkuð að umfangi og felur ekki í sér verulega breytingu frá fyrra skipulagi, eru áhrif á loftslag metin óveruleg.
+	<i>Samfélag</i>	Uppbygging íbúðarhúsa á landbúnaðarsvæðum er talin hafa jákvæð áhrif á samfélag þar sem hún stuðlar að auknum fjölbreytileika í búsetumöguleikum innan sveitarfélagsins. Landbúnaður er ein af meginstoðum atvinnulífsins í Eyjafjarðarsveit, og því er mikilvægt að tryggja raunhæfa möguleika til búsetu í dreifbýli fyrir þá sem kjósa slíkt búsetuform, meðal annars til að styðja við byggðafestu og áframhaldandi starfsemi í sveitum.

		Jafnframt er uppbygging á þessum svæðum bundin skýrum skilyrðum og takmörkuðu umfangi samkvæmt aðalskipulagi, sem dregur úr neikvæðum áhrifum á samfélagið. Í ljósi þess eru áhrif uppbyggingarinnar á samfélag metin hófleg og jákvæð.
0	Vistkerfi	Uppbygging getur haft áhrif á vistkerfi, einkum með raski á gróðri, jarðvegi og búsvæðum á afmörkuðum svæðum. Þar sem uppbygging er óheimil á landbúnaðarsvæðum í flokki L1 og nýbyggingar skulu almennt vera í tengslum við núverandi mannvirki og innviði, er nýtt rask takmarkað. Með hliðsjón af umfangi heimilda og þeim skilyrðum sem sett eru eru áhrif á vistkerfi metin óveruleg.
0 0 0 0 + 0	Samantekt	Heildarmat sýnir að áhrif heimilda til uppbyggingar íbúðarhúsa á landbúnaðarsvæðum eru að mestu óveruleg. Áhrif á samfélag eru metin jákvæð. Ekki er talið að uppbyggingin leiði til verulegra neikvæðra umhverfisáhrifa.

3.2.4 Þróun byggðar í Vaðlaheiði

Í rammahluta aðalskipulags fyrir þróun frístunda og íbúðarbyggðar í Vaðlaheiði, sem unnin var sameiginlega fyrir Eyjafjarðarsveit og Svalbarðsstrandarhrepp og fylgir þessari áætlun sem viðauki, var gerð grein fyrir áhrifamati þeirrar stefnu á valda umhverfisþætti.

Helstu áhrifaþættir felast í nýjum landnotkunarreitum frístunda- og íbúðarbyggðar og því meiri nýtingu á skipulagssvæðinu til uppbyggingu og mannvirkjagerðar. Áformin fela ekki í sér dreifingu byggðar heldur þvert á móti þéttingu byggðar í dreifbýli.

Hér er birtur útdráttur sameiginlegrar stefnu beggja sveitarfélaga er varðar Eyjafjarðarsveit.

Áhrif	Umhverfisþáttur	Skýring
0	Landslag	Ekki er gert ráð fyrir að áhrif bygginga á landslag og ásýnd að svæðinu verði veruleg m.a. þar sem hæð húsa er takmörkuð við einbýlishús sem eru tvær hæðir. Þá eru skilmálar settir um þéttleika byggðar og að svæði skulu hafa yfirbragð byggðar í sveit þar sem hús eru umvafinn náttúru. Þá eru þegar byggð frístunda- og íbúðarsvæði víða í Vaðlaheiði sem fyrirhuguð byggð í samræmi við mögulega verður heildaryfirbragð byggðar í Vaðlaheiði samfelldara skv. rammaskipulagi. Áhrif á umhverfisþátt eru metin óveruleg.
+	Lýðheilsa	Áhrif á umferðaröryggi er talið gott m.a. þar sem lagt er til að hámarkshraði á tengivegum þar sem

		byggð er þéttust verði almennt lækkaður úr 70 km/klst. í 50 km/klst. Auk þess sem gert er ráð fyrir hraðatakmarkandi aðgerðum. Aðgerðir þessar eru einnig taldar hafa jákvæð áhrif á loftgæði og hávaða. Mikill landhalli er á skipulagssvæðinu og er svæðið ríkt af gróðri. Í skipulaginu eru settir fram skilmálar um að við deiliskipulagsgerð og uppbyggingu þurfi að tryggja aðkomu neyðarbíla allan ársins hring að frístunda- og íbúðarbyggðum og tryggja flóttaleiðir og aðgengi að slökkvivatni. Lögð er jafnframt áhersla á að gengið sér frá fráveitulausnum þannig að ekki verði mengun í náttúru sem getur verið heilsuspillandi fyrir íbúa og gesti. Áhrif á umhverfispátt eru metin jákvæð.
-	<i>Landkostir</i>	Nýir reitir í Eyjafjarðarsveit voru áður skilgreindir ýmist á óbyggðu svæði eða skógræktar- og landgræðslusvæði. Áhrif á skógræktar- og landgræðslusvæði í Eyjafjarðarsveit eru talin fremur neikvæð þar sem verið er að breyta slíkum svæðum í frístunda- eða íbúðarbyggðir. Þessi svæði eru þó fremur lítil og til að minnka áhrifin eru m.a. þeir skilmálar að raski á skógi skuli haldið í lágmarki auk þess sem um fjórðungur lands skal vera fyrir opin svæði í frístunda- og íbúðarbyggðum. Áhrif á umhverfispáttin eru metin óveruleg til fremur neikvæð.
-	<i>Loftslag</i>	- Umhverfispáttur ekki tekinn sérstaklega fyrir, viðbót: Uppbygging íbúðarhúsa hefur í för með sér losun gróðurhúsalofttegunda vegna byggingarframkvæmda og aukinnar umferðar. Áhrif á loftslag eru metin neikvæð en tímabundin á meðan á uppbyggingu stendur.
+	<i>Samfélag</i>	Jákvæð samfélagsleg og hagræn áhrif eru talin vera vegna aukins framboðs á frístunda- og íbúðarlóðum en með aukinni uppbyggingu styrkist byggð í sveitarfélögunum auk þess sem efnisleg verðmæti verða til með uppbyggingu. Þá eru jákvæð áhrif einnig vegna atvinnu sem skapast á uppbyggingartíma.
0	<i>Vistkerfi</i>	Á milli þyrpinga lóða og landnotkunarreita verða skil með gróðri og náttúrulegu umhverfi sem myndi græna geisla og tengingar við náttúru. Þá er lögð áhersla á náttúrulegt yfirbragð á lóðum og skal haldið í staðargróður og önnur náttúruleg einkenni. Óshólmur Eyjafjarðarár eru á náttúruminjasrá og undir hverfisvernd vegna mikils fuglalífs og sérstæðs gróðurfars. Afmörkun hverfisverndarsvæðis er vestan við Eyjafjarðarbraut eystri og utan við skipulagssvæði rammahluta þessa. Stefna skipulagsins er

							að uppbygging byggðar raski ekki hverfisverndarsvæðinu og settir eru fram skilmálar um fráveitu og önnur veitukerfi. Skilmálar eru um að félög lóðarhafa setji upp hreinsivirki fráveitu við uppbyggingu byggðar og lögð áhersla á að koma í veg fyrir mengun á náttúru. Áhrif á umhverfispátt eru metin óveruleg.
0	0	+	+	-	-	<i>Samantekt</i>	Heildarmat áhrifa vegna uppbyggingar íbúðar- og frístundahúsa samkvæmt rammahluta aðalskipulags fyrir þróun byggðar í Vaðlaheiði eru blönduð, ekki veruleg og má túlka sem nokkuð hlutlaus.

3.3 Samanlögð áhrif og niðurstaða

Í umhverfismati aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar hefur verið lagt mat á áhrif helstu stefnu- og landnotkunarbreytinga á lykilumhverfispætti, þ.e. landslag, lýðheilsu, landkosti, loftslag, samfélag og vistkerfi. Heildarniðurstaða matsins sýnir að samanlögð áhrif þeirra breytinga sem lagðar eru til eru að mestu óveruleg eða jákvæð, enda er um að ræða hóflegar breytingar sem byggja á skýrri stefnu um sjálfbæra landnýtingu, vernd verðmætra auðlinda og markvissa uppbyggingu.

Helstu neikvæðu áhrifin koma fram í tengslum við efnistöku og rask á vistkerfum, bæði í landi og í ám. Þessi áhrif eru þó metin staðbundin og að mestu tímabundin, þar sem skýrar takmarkanir eru settar á umfang, framkvæmdartíma og frágang efnistöku, auk þess sem hluti efnistökunnar miðar að viðhaldi eðlilegra rennisskilyrða og vernd landbúnaðarlands. Áhrif á landslag eru almennt takmörkuð og víða óveruleg, meðal annars vegna þess að efnistaka í ám fer fram á kvikum áreyrum og að uppbygging utan þéttbýlis er bundin við núverandi mannvirki og innviði.

Jákvæð áhrif koma einkum fram í tengslum við samfélag, landkosti og loftslag. Skógrækt á landbúnaðarsvæðum í flokki L2 stuðlar að kolefnisbindingu, bættum landgæðum, skjóli og fjölbreyttari landnýtingu. Aðgengi að byggingarefni innan sveitarfélagsins styrkir innviði, atvinnustarfsemi og framkvæmdagetu. Breytingar á heimildum til uppbyggingar íbúðarhúsa á landbúnaðarsvæðum styðja skýra landnýtingu án þess að auka verulega á dreifða byggð eða umhverfisálag.

Að teknu tilliti til mótvægisáðgerða, skilyrða í skipulagsákvæðum og þess að breytingarnar fela ekki í sér umfangsmikla röskun, er niðurstaða umhverfismatsins sú að endurskoðað aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar leiði ekki til verulegra neikvæðra umhverfisáhrifa. Skipulagið styður við heildstæða og sjálfbæra þróun sveitarfélagsins þar sem leitast er við að ná jafnvægi á milli nýtingar og verndar til langs tíma.

3.4 Vöktunaráætlun

Ekki er talin þörf á sérstökum viðbúnaði eða mótvægisáðgerðum vegna framfylgdar aðalskipulagsins. Lögboðnir eftirlitsaðilar fylgjast með ákveðnum þáttum umhverfisins eins og lög gera ráð fyrir. Heilbrigðiseftirlitið og Náttúruverndarstofnun fylgjast með þeirri starfsemi sem er starfsleyfis skyld og starfsemi sem haft getur neikvæð áhrif á umhverfi sitt.